



Bessastöðum,
24. mars 2020

Kveðja forseta Íslands til starfsfólks í verslun, ferðaþjónustu og skyldum greinum

Ágæta verslunarfolk,
starfsfolk í ferðaþjónustu
og öðrum þjónustustörfum.

Ég flyt ykkur öllum góðar kveðjur. Þeim, sem glíma nú við veikindi, færi ég bestu óskir um skjótan bata. Sömmuleiðis sendi ég hlýjar kveðjur til þeirra sem sitja nú í sóttkví í öryggisskyni.

Hér á landi hefur verið gripið til ýmissa aðgerða vegna veirufaraldursins sem nú geisar um víða veröld. Settar hafa verið hömlur á ferðalög og skorður við fjölda fólks í verslunum, á veitingastöðum og víðar. Og nú hafa einnig gengið í gildi hertar reglur um samskipti fólks á almennum vettvangi. Sú tíð er liðin í bili að við getum sinnt okkar erindum þegar okkar hentar, ferðast að vild og gert okkur glaðan dag þegar svo ber undir.


Þessir breyttu tímar hafa valdið fólki í verslun og þjónustu þungum búsifjum og ferðamannageirinn, sem hefur vaxið svo mjög undanfarin ár, á nú undir högg að sækja.

Öllu þessu hafið þið fundið fyrir. Mikið hefur mætt á ykkur þessa erfiðu og annasömu daga. Þið hafið sinnt ykkar störfum þótt á móti blási og staðið ykkur með sóma. Fyrir það þakka ég ykkur innilega. Þá hvet ég alla landsmenn til að fylgja öllum reglum og tilmælum og sýna afgreiðslufólki kurteisi og virðingu í hvívetna.

Vandi okkar verður eflaust viðameiri áður en við fögnum sigri í þessari baráttu. En sigri munum við fagna og þá mun aftur birta til í þjóðfélaginu. Við munum gleðjast saman á góðum stundum, ferðast og versla, njóta þess að hittast á almannaferi.

Já, það mun birta til og erlendir gestir munu heimsækja okkur á ný. Við munum spyrja á ný hvernig þeim líki við Ísland og fá þau svör að á þessu ægifagra eylandi búi viðfelldið fólk sem hafi skapað sér öflugt samfélag.

Kæru vinir: Fyrir hönd okkar Elizu ítreka ég hlýjar kveðjur og góðar óskir til ykkar allra.


Guðni Th. Jóhannesson